

KJARASAMNINGUR

Prestafélags Íslands
og
Kjaranefndar Þjóðkirkjunnar

Gildir frá 1. maí. 2024 til 31. mars. 2028

Kjarasamningur

1. Laun

Greiða skal prestum mánaðarlaun skv. eftirfarandi launatöflu. Auk þess skal greiða þeim fastar einingar mánaðarlega. Laun eru greidd mánaðarlega og eigi síðar en fyrsta virkan dag eftir að mánuði þeim lýkur sem greitt er fyrir.

1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Mánaðarlaun presta í fullu starfi skulu, frá 1. maí 2024, vera samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

Lfl.	kr./mán.
1	904.445
2	934.721
3	966.021
4	998.378
5	1.031.828
6	1.066.409
7	1.100.410
8	1.134.885
9	1.170.527
10	1.207.372

Laun hækka á samningstímanum sem hér segir:

1. apríl 2025 3,5%

1. apríl 2026 3,5%

1. apríl 2027 3,5%

1.1.2 Einingar

Einingar eru greiddar fyrir ómælda yfirvinnu, sérstakar skyldur og álag sem starfinu fylgir. Einingar eru greiddar alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Eining er 1% af 10. launaflokki.

1.2 Röðun í launaflokka og einingafjöldi

1.2.1 Mánaðarlaun og fjöldi eininga miðast við fjölda íbúa deilt með fjölda presta í prestakalli og eru sem hér segir:

				Einingar		
launa-flokkur		íbúar í prestakalli deilt með fjölda presta	mánaðar-laun kr./mán.	prestur, héraðsprestur, sérþjónustuprestur	sóknarprestur	viðbótar-einingar prófaste
2		<500	934.721	10	12	
3		500-2999	966.021	12	17	
4		3000-5000	998.398	14	22	
5		>5000	1.031.828	16	26	
3	héraðsprestur sérþjónustuprestur		966.021	14		
3	prestur		966.021	16		
8	prófastur 1		1.134.885			8
8	prófastur 2		1.134.885			10
9	prófastur 3		1.170.527			12
	eining		12.074			

Prófastur 1.

Prófastar í Vesturlandsprófastsdæmi, Vestfjarðaprófastsdæmi, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og Austurlandsprófastsdæmi.

Prófastur 2.

Prófastar í Suðurprófastsdæmi og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Prófastur 3.

Prófastar í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og Kjalarnessprófastsdæmi.

1.2.2 Prófastur, sem hefur umsjón með sérþjónustunni og starfi kirkjunnar erlendis, fær að auki 6 einingar á mánuði.

1.2.3 Prófastar fá einnig einingar sem sóknarprestar eða prestar eftir því sem við á.

1.2.4 Greiða skal tvær einingar á mánuði fyrir hverja sókn í prestakalli umfram eina, enda sé íbúafjöldi sóknarinnar fimmtíu manns eða fleiri. Aldrei skal þó greiða fleiri en 12 einingar í prestakalli vegna þessa. Einingar vegna fjölda sókna í prestakalli skiptast á milli presta í prestakallinu.

1.2.5 Mánaðarlaun og fjöldi eininga miðast við íbúafjölda, fjölda presta og fjölda sókna í prestakalli 1. desember ár hvert. Byggt er á upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar tekur saman upplýsingar um íbúafjölda og fjölda sókna og annast röðun í flokka í samræmi við kjarasamning og starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði eins og þær eru hverju sinni.

1.2.6 Breytingar á launum sem leiða af breytingum á íbúafjölda, fjölda sókna og fjölda presta í prestakalli taka gildi 1. mars næsta ár þar á eftir.

1.2.7 Viðbótarlaun, samkvæmt gr. 1.2.7 í kjarasamningi aðila frá árinu 2021, taka sömu hlutfallshækkunum og önnur laun.

1.3 Greiðslur fyrir tiltekin prestsverk

Auk fastra launa geta prestar innheimt þóknun fyrir tiltekin prestsverk.

1.4 Persónuuppbót (desemberuppbót)

Prestur sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert, miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Persónuuppbót er föst krónutala. Á uppbótina reiknast ekki orlofsfé. Hafi presturinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili. Prestur sem látið hefur af starfi en hefur starfað samfellt í a.m.k. þrjá mánuði (13 vikur) á árinu, skal fá greidda uppbót í desember, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt hann sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu lýkur, eða í allt að 7,5 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Persónuuppbót (desemberuppbót) verður sem hér segir:

Á árinu 2024 106.000 krónur

Á árinu 2025 110.000 krónur

Á árinu 2026 114.000 krónur

Á árinu 2027 118.000 krónur

1.5 Afleysingar

Prestar leysa hver annan af í sumarorlofi án þess að sérstök greiðsla komi fyrir í allt að sex vikur ár hvert.

Innan prestakalls er ekki greitt sérstaklega fyrir afleysingar vegna tilfallandi veikinda. Sé veikindaorlof lengra en þrjár vikur og ef samið er við annan prest/aðra presta um að hann/þeir sinni þjónustunni tímabundið, skal þó greiða minnst 25% álag á laun samtals, þannig að álag greiðist fyrir afleysingar umfram þrjár vikur. Sinni fleiri en einn prestur afleysingu skiptist álagið á milli þeirra.

1.6 Starfskostnaður

Starfskostnaður skal greiddur mánaðarlega með launum og skal standa straum af kostnaði þeim sem hlýst af störfum presta utan aksturs, síma og netkostnaðar.

1.6.1 Árlegur starfskostnaður skiptist í tvo flokka og skal greiddur öllum prestum mánaðarlega með launum.

- a. Í fyrsta flokki eru þeir prestar sem fá lagða til skrifstofuaðstöðu hjá sókninni og fá þeir greiddar 296.000 krónur á ári sem skiptist jafnt á 12 mánuði.
- b. Í öðrum flokki eru þeir prestar sem ekki falla undir fyrsta flokk og fá þeir 384.000 krónur á ári sem skiptist jafnt á 12 mánuði.
- c. Sérstökum aðstæðum t.d. vegna fárra gjaldenda í sóknum, erfiðrar fjárhagsstöðu sókna og/eða prófastsdæma, vegna prestakalla sem samanstanda af mörgum fámennum sóknum eða annarra aðstæðna sem skapa óeðlilegan aðstöðumun á milli presta er heimilt að greiða prestum sérstaka viðbótargreiðslu kr. 48.000 á ári sem bætist við árlega starfskostnaðargreiðslu. Skal það metið í hverju tilviki fyrir sig og í samráði við fulltrúa Prestafélags Íslands.
- d. Vegna prófastsstarfa er greitt til viðbótar starfskostnaði 250.000 krónur á ári sem skiptist jafnt á 12 mánuði.

Starfskostnaður presta og prófata greiðist hlutfallslega vegna aukabjónustu og að hálfu vegna veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

1.6.2 Akstur

- a. Greiðsluskyldur akstur er greiddur eftir eignum kílómetrum og skal greiddur samkvæmt rafrænni akstursbók sem Þjóðkirkjan lætur prestum í té. Prestar hjá Þjóðkirkjunni skulu hafa til umráða hentuga bifreið vegna starfsins en er aldrei skylt að aka í þágu Þjóðkirkjunnar án greiðslu. Ekki er greiddur akstur utan

prestakalls/starfssvæðis nema prófastur eða biskup hafi beðið um það sérstaklega.

- b. Akstursgjald reiknast sem meðaltal af reiknuðu akstursgjaldi ríkisstarfsmanna fyrir fyrstu 10.000 km og fyrir 10.000-20.000 km. Akstursgjaldið uppfærast samkvæmt þessu tvisvar á ári, þ.e. við áramót og þann 30. júní.
- c. Greiðsluskyldur akstur merkir allur akstur í þágu Þjóðkirkjunnar.
- d. Ekki er greitt fyrir akstur vegna prestsverka sem greitt er fyrir samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Prestafélagsins.
- e. Ekki er greitt fyrir akstur frá heimili prests á aðalstarfsstöð, en að jafnaði skal miðað við að akstur hefjist og honum ljúki frá aðalstarfsstöð prests nema um útkall eða aðrar sérstakar aðstæður sé að ræða. Tilgreina skal aðalstarfsstöð prests í aksturssamningi.

Þjóðkirkjunni er heimilt að láta prestum í té bíl í stað akstursgreiðslna ýmist tímabundið eða til lengri tíma og þegar einstakar ferðir sem eru fyrir fram ákveðnar og akstur er meiri en 200 km. Er það mat Þjóðkirkjunnar hverju sinni eftir aðstæðum hvers starfsmanns og eftir framboði bílaleigubíla.

Kjósi prestur af einhverjum ástæðum fremur að vera á eigin bíl en bílaleigubíl má greiða honum fasta greiðslu sem er jöfn áætlaðri greiðslu vegna bílaleigubíls.

1.6.3 Síma- og netkostnaður

- a. Síma- og netkostnaður er greiddur af Þjóðkirkjunni.
- b. Þjóðkirkjan leggur prestum til nettengingu á heimili ásamt nauðsynlegum búnaði (beini) endurgjaldslaust. Þjóðkirkjan ákveður hvaða þjónustuaðili veitir þjónustuna hverju sinni.
- c. Þjóðkirkjan leggur prestum til farsíma af algengri tegund og af boðlegum gæðum. Skal miðað við að tækin megi endurnýja á þriggja ára fresti að jafnaði. Þá er farsímaáskrift greidd af Þjóðkirkjunni og er einungis þak innanlands á símhringingar í númer sem fela í sér aukakostnað sbr. safnanir, símakosningar o.fl. Þjóðkirkjan ákveður hvaða þjónustuaðili veitir þjónustuna hverju sinni.

1.6.4 Hugbúnaður

Þjóðkirkjan veitir prestum endurgjaldslausan aðgang að hugbúnaði til algengustu vinnslu upplýsinga, svo sem ritvinnsla, töflureiknir, glærugerð og skrá- og samskiptahugbúnaður. Enn fremur netfang og pósthólf.

1.6.5 Annar rekstrarkostnaður

- a. Leggjja skal prestum til hennu og kragu samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands. Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi þetta fyrirkomulag.
- b. Greiða skal hæfilegan kostnað vegna flutnings búslóðar milli landshluta, allt að 250.000 krónur eftir framlögðum, fullnægjandi gögnum. Að öllu jöfnu skal flutningsstyrkur ekki greiddur út nema á fjöggra ára fresti.
- c. Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar heyrir ekki undir þetta samkomulag.

2. Vinnutími

2.1 Vinnuvika presta í fullu starfi er 36 klukkustundir. Prestar skipuleggja eigin vinnutíma í samráði við sóknarprest og prófast eftir atvikum. Frídagar skulu vera tveir vikulega og a.m.k. mánaðarlega skal þá bera upp á helgi. Heimilt er að safna saman unnum frídögum og eiga þá lengra samfellt frí í samráði við samstarfsprest/a og prófast, þó ekki meira en sex daga samfleytt á hverju fjögurra mánaða tímabili (sbr. 2.2). Slíkt frí skal tekið út fyrir lok næsta tímabils á eftir, en fellur niður að öðrum kosti. Vinnutími presta er óreglulegur en leitast skal við að sem mest af vinnu þeirra geti farið fram á hefðbundnum vinnutíma, virka daga á milli kl. 8 - 17. Ekki er sérstaklega greitt vaktaálag eða útköll nema annað sé tekið fram. Neysluhlé eru ekki sérstaklega skilgreind í kjarasamningi.

2.2 Vinna skal starfs- og messuáætlun fyrir öll prestaköll, samstarfssvæði, héraðs- og sérþjónustupresta þannig að prestsþjónusta sé ávallt tryggð. Áætlun sé unnin fyrir eftirfarandi tímabil: Janúar til apríl, maí til ágúst, september til desember.

Í áætlun skal skrá fyrirfram vinnudaga presta sem og frídaga. Þar sem tveir eða fleiri prestar starfa saman ber sóknarprestur ábyrgð á skipulagi vinnutíma og frítíma presta prestakallsins í samráði við samstarfsprest/a og prófast. Í einmennings-prestaköllum skipuleggja sóknarprestar á samstarfssvæðinu í sameiningu vinnutíma og frítíma sinn undir forystu prófasts. Héraðsprestar og sérþjónustuprestar skipuleggja vinnutíma og frítíma sinn undir forystu viðkomandi prófasts. Prófastar skulu hafa eftirlit með því að starfs- og messuáætlun prestakalla sé unnin, skilað tímanlega og unnið sé með frávík með samræmdum hætti. Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar heldur utan um skráningu og tryggir samræmingu hennar.

2.3 Lögregluútköll presta

Prestar eru ekki á reglulegum bakvöktum en bregðast við óskum sóknarbarna eftir þjónustu eins og hægt er hverju sinni. Um lögregluútköll presta gildir annað hvort fyrirkomulag skv. 2.3.1 eða 2.3.2 og fer það eftir ákvörðun biskups Íslands.

2.3.1 Skipulagt útkallssvæði vegna lögregluútkalla

Þar sem þurfa þykir vegna umfangs og fjölda lögregluútkalla skipuleggur þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar útkallssvæði og skal viðbragðstími vegna útkalla

ekki vera lengri en 90 mínútur. Prestum á skilgreindum útkallssvæðum ber að bregðast við útköllum frá lögreglu og er þeim prestum ætlað að sinna allt að fimm útkallsvikum árlega án sérstakrar greiðslu. Útkallsvaktin er fyrir eftirfarandi tímabil:

Mánudagur kl. 17 – þriðjudags kl. 8

þriðjudagur kl. 17 – miðvikudags kl. 8

miðvikudagur kl. 17 – fimmtudags kl. 8

fimmtudagur kl. 17 – föstudags kl. 8

föstudagur kl. 17 – mánudags kl. 8

Ekki er greitt sérstaklega fyrir lögregluútköll á útkallssvæðum. Prestum á lögregluvakt er ekki skylt að sinna öðrum störfum þegar þeir sinna lögregluvakt. Próföstum er heimilt í samráði við þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar að veita prestum undanþágu frá vaktvikum vegna heilsufars og/eða fjölskylduaðstæðna.

2.3.2 Lögregluútköll utan skipulagðra útkallssvæða

Í þeim tilvikum sem lögregla óskar eftir þjónustu prests utan hefðbundins vinnutíma, þar sem ekki er skipulögð útkallsvakt, skal greiða þeim presti sem sinnir útkallinu þrjár einingar fyrir hvert útkall.

3. Orlof

3.1 Lengd orlofs

Orlof skal vera 30 dagar miðað við fullt starf. Réttur til orlofs skal vera hlutfallslegur miðað við starfshlutfall og starfstíma prests.

3.2. Orlofsuppbót

Hinn 1. júní ár hvert skal prestur sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hafi prestur látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelldt starf á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef hann var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 7,5 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð. Áunnin orlofsuppbót skal gerð upp við starfslok.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2024 58.000 krónur
Á árinu 2025 60.000 krónur
Á árinu 2026 62.000 krónur
Á árinu 2027 64.000 krónur

3.3 Orlofsárið

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

3.3.1

Ef breytingar verða á starfshlutfalli á orlofsárinu þarf að taka tillit til þess í launaútreikningi við töku orlofsins.

3.4 Sumarorlofstímabil

Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 15. september.

3.4.1 Prestur á rétt á 20 daga orlofi á sumarorlofstímabilinu, þar af 15 dögum samfelldt og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því við komið.

3.5 Ákvörðun orlofs

Prófastur ákveður, í samráði við prest, hvenær orlof skuli veitt. Skyld er að verða við óskum presta um hvenær orlof skuli veitt enda verði því við komið. Ákvörðun um sumarorlof skal liggja fyrir 31. mars og tilkynnt presti með sannanlegum hætti, svo sem í tímaskráningarkerfi, nema sérstakar aðstæður hamli. Sé orlof eða hluti orlofs tekið utan sumarorlofstímabils, að skriflegri beiðni prófasts, skal sá hluti orlofsins lengjast um 25%.

3.6 Veikindi í orlofi

Veikist prestur í orlofi telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs, enda sanni hann með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs. Tilkynna skal biskupsstofu án tafar með sannanlegum hætti ef um veikindi eða slys í orlofi er að ræða. Í slíkum tilvikum er heimilt að flytja ótekið orlof til næsta árs.

3.7 Frestun orlofs

3.7.1 Flutningur orlofs milli ára er óheimill, sjá þó gr. 3.6. Ef prestur tekur ekki orlof eða hluta af orlofi, að skriflegri beiðni prófasts, getur orlofið þó geymst til næsta orlofsárs, enda hafi prestur ekki lokið orlofstöku á orlofsárinu. Sama gildir um prest í fæðingarorlofi. Í slíkum tilvikum getur uppsafnað orlof þó aldrei orðið meira en samtals 60 dagar (30 dagar uppsafnað auk gjaldfallins orlofs ársins). Upplýsingar um stöðu þegar áunnins og ótekins orlofs skulu vera prestum aðgengilegar í tímaskráningarkerfi.

Komi prestur úr öðru starfi án þess að hafa þar notið áunnins orlofs, þá á hann rétt á launalausum orlofi þar til 30 daga orlofi er náð.

3.8 Áunninn orlofsréttur látins prests

3.8.1 Greiða skal dánarbúi orlofslaun vegna áunnins orlofsréttar látins prests.

4. Greiðsla launa vegna veikinda og slysa

4.1 Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður

4.1.1 Ef prestur verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það launagreiðanda þar sem ákveðið verður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni.

4.1.2 Skylt er presti sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulegu og viðurkenndu læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greiddur af launagreiðanda.

4.1.3 Endurgreiða skal presti gjald vegna læknisvottorða og læknisrannsókna sem krafist er skv. gr. 4.1.1 - 4.1.4. Sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs.

4.1.4 Launagreiðandi greiðir presti þau útgjöld sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

4.2 Réttur til launa vegna veikinda og slysa

4.2.1 Prestur sem ráðinn er til starfa á mánaðarlaunum skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í a.m.k. 2 mánuði, skal halda fullum launum svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

Starfstími	Fjöldi daga
0-3 mánuði í starfi	14 dagar
Næstu 3 mánuði í starfi	35 dagar
Eftir 6 mánuði í starfi	119 dagar
Eftir 1 ár í starfi	133 dagar
Eftir 7 ár í starfi	175 dagar

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi.

Eftir 12 ár í starfi	273 dagar
Eftir 18 ár í starfi	360 dagar

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

4.2.3 Við mat á ávinnslurétti prests skv. gr. 4.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá launagreiðanda telja þjónustualdur í launuðu starfi sem guðfræðingur.

Á fyrstu þremur mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema viðkomandi prestur hafi samfelldan þjónustualdur samkvæmt framangreindu í 12 mánuði eða meira.

4.2.4 Ef prestur, að læknisráði og með leyfi launagreiðanda, vinnur skert starf vegna slyss eða veikinda, skal miða greiðslu veikindalauna við það starfshlutfall sem vantar á að hann sinni fullu starfi.

4.3 Starfshæfnisvottorð

4.3.1 Ef prestur hefur verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelld í 1 mánuð eða lengur, má krefjast vottorðs læknis/trúnaðarlæknis um að heilsa hans leyfi að hann hefji starf að nýju.

4.4 Lausn frá störfum vegna endurtekinnar eða langvarandi óvinnufærni vegna veikinda eða slysa

4.4.1 Þegar prestur hefur verið samfelld frá vinnu vegna veikinda eða slysa launalaust í jafnlangan tíma og þann tíma er hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni skv. gr. 4.2.1, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests.

4.5 Lausnarlaun og laun til maka látins prests

4.5.1 Þegar prestur er leystur frá störfum skv. gr. 4.4.1 skal hann halda föstum launum í þrjá mánuði.

4.5.2 Sama gildir um greiðslu vegna látins prests ef hinn látni var í hjúskap eða sambúð.

4.5.3 Þegar presti er veitt lausn skv. gr. 4.4.1 eða hann andast, skal greiða laun hans, svo sem ella hefði verið gert, til loka lausnar- eða andlátsmánaðar áður en laun skv. gr. 4.5.1 - 4.5.2 koma til álita. Þetta á þó ekki við ef launagreiðslum hefur áður lokið, t.d. vegna þess að réttur til launa í veikindum skv. gr. 4.2.1 - 4.2.4 var tæmdur.

4.6 Skráning veikindadaga

4.6.1 Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar heldur skrá yfir veikindadaga presta. Ef prestur flyst milli starfa, skal leggja saman veikindadaga hans eftir því sem við á.

4.7 Veikindi og slysaförföll í fæðingarorlofi

4.7.1 Veikindatími prests í fæðingarorlofi telst ekki til veikindaforfalla og á hann ekki rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum þann tíma.

4.8 Veikindi barna yngri en 13 ára

4.8.1 Prestur á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið.

5. Tryggingar

5.1. Slysatryggingar

5.1.1 Starfsmenn skulu slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða, vegna varanlegrar örorku og tímabundinnar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort prestur verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs.

5.1.2 Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

- a. Vegna slyss utan starfs 1.385.888 krónur,
- b. vegna slyss í starfi 1.385.888 krónur.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

- a. Vegna slyss utan starfs 4.245.138 krónur,
- b. vegna slyss í starfi 10.147.663 krónur.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

- a. Vegna slyss utan starfs 5.807.269 krónur,
- b. vegna slyss í starfi 16.560.618 krónur.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili.

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, eru bætur til hvers barns:

- a. Vegna slyss utan starfs 1.385.888 krónur,
- b. vegna slyss í starfi 3.311.748 krónur.

Stundi barn hins látna, á aldrinum 18-25 ára, nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggði andast, á það sama rétt til bóta.

Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns fyrir hönd barnsins.

Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 53. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Bætur greiðast aðeins samkvæmt einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

5.2. Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku

5.2.1 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:

- a. vegna slyss utan starfs 11.163.193 krónur
- b. vegna slyss í starfi 29.451.955 krónur

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í apríl 2024, 623,7. Við uppgjör bóta skal framreikna fjárhæðir sem giltu í apríl 2024 miðað við þær breytingar sem orðið hafa á vísitölu neysluverðs frá apríl 2024, 623,7, til uppgjörsmánaðar bóta. Vísitölubinding bóta takmarkast við 3 ár frá slysadegi.

5.2.3 Verði vinnuveitandi skaðabótaskyldur gagnvart vátryggða, skulu slysabætur samkvæmt slysathæðingum þessum koma að fullu til frádráttar skaðabótum er honum kann að verða gert að greiða.

5.2.4 Verði prestur fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, eða við að sinna einstaklingi sem dæmdur hefur verið til fangelsisvistar eða vistaður í fangelsi eða á stofnun af öðrum orsökum skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

5.3 Trygging á persónulegum munum

5.3.1 Persónulegir munir og farangur

Verði prestur sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt samkvæmt mati. Sama á við

um farangur í ferðum á vegum launagreiðanda. Náist ekki samkomulag, skal farið samkvæmt mati eins fulltrúa frá hvorum aðila kjarasamningsins. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Ekki skal bæta tjón ef það verður sannanlega vegna gáleysis viðkomandi.

6. Um ráðningu og uppsögn

6.1 Ráðningarsamningur

6.1.1 Við upphaf ráðningar skal gerður skriflegur ráðningarsamningur. Heimilt er að skilgreina í ráðningarsamningi nýráðinna presta hjá Þjóðkirkjunni reynslutíma ráðningar. Reynslutíminn á aðeins við um ótímabundin störf og má að hámarki vera sex mánuðir. Uppsagnarfrestur á reynslutíma er einn mánuður.

6.1.2 Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum skal staðfesta með sama hætti og eigi síðar en mánuði eftir að þær koma til framkvæmda.

6.1.3 Ákvæði 6.1.1 og 6.1.2 gilda ekki við ráðningu í tilfallandi störf, að því tilskildu að hlutlægar ástæður liggi því til grundvallar.

6.1.4 Upplýsingaskylda

Í ráðningarsamningi, sem gerður er eftir gildistöku kjarasamnings þessa, skal að minnsta kosti eftirfarandi koma fram:

1. Deili á aðilum þar með talið kennitölur.
2. Vinnustaður og heimilisfang launagreiðanda. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal það koma fram.
3. Titill, staða, eðli eða tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd ráðningar sé hún tímabundin.
6. Orlofsréttur.
7. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur.
8. Mánaðarlaun, aðrar greiðslur og hlunnindi svo og greiðslutímabil.
9. Lengd venjulegrar vinnuviku.
10. Lífeyrissjóður og eftir atvikum greiðslur í valkvæða sjóði.
11. Tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar samkvæmt 6. – 8. tölulið má gefa með tilvísun til kjarasamninga.

6.1.5 Störf erlendis

Sé presti falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur skal hann fá skriflega staðfestingu ráðningar fyrir brottför. Auk upplýsinga samkvæmt grein 6.1.4 skal eftirfarandi koma fram:

1. Áætlaður starfstími erlendis.
2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
3. Uppbætur eða hlunnindi sem tengjast starfi erlendis.
4. Eftir atvikum skilyrði þess að starfsmaður geti snúið aftur til heimalandsins.

Upplýsingar samkvæmt 2. og 3. tölulið má gefa með tilvísun til laga og kjarasamninga.

6.1.6 Tímabundnar ráðningar

Um tímabundnar ráðningar fer samkvæmt lögum númer 139/2003 um tímabunda ráðningu starfsmanna.

6.1.7 Hlutastörf

Um starfsmenn í hlutastarfi fer samkvæmt lögum númer 10/2004 um starfsmenn í hlutastarfi.

6.2 Uppsögn

6.2.1 Uppsagnarfrestur

Uppsagnarfrestur skal vera sex mánuðir. Prestur getur þó sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

Uppsagnarfrestur á reynslutíma er einn mánuður.

6.2.2 Málefnalegar ástæður

Sé presti sagt upp starfi skal uppsögnin vera skrifleg og byggð á málefnalegum ástæðum. Uppsögn miðast við mánaðamót.

Áður en til uppsagnar kemur vegna ávirðinga í starfi, skal biskup, að höfðu samráði við sóknarnefnd/ir, þegar það á við, og prófast, veita presti skriflegt tiltal. Í því skal tilgreina tilefni þess og þá afleiðingu að bæti prestur ekki ráð sitt megi hann búast á við að verða sagt upp. Framangreint á ekki við á reynslutíma.

Prestur getur óskað eftir samtali og/eða rökstuðningi vegna ofangreinds.

7. Fæðingarorlof

7.1 Um greiðslur í fæðingarorlofi fer skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020.

7.2. Réttarstaða presta í fæðingarorlofi

7.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020, þó með þeirri viðbót sem talin er upp hér á eftir.

7.2.2 Prestur sem hefur töku fæðingarorlofs, telst samkvæmt framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 49. gr. framangreindra laga.

7.2.3 Prestur sem er í fæðingarorlofi ávinnur sér rétt til launaðra orlofsdaga, persónu- og orlofsuppbótar.

7.2.4 Prestur sem er í fæðingarorlofi er áfram í þeim lífeyrissjóði(um) sem hann hefur tilheyrt sem starfsmaður launagreiðanda en launagreiðandi ber ábyrgð á réttindaávinnslu starfsmanns í b-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

7.2.5 Prestur sem nýtur fyrirframgreiðslu launa, skal eiga rétt til fyrirframgreiðslu frá launagreiðanda þann mánuð sem hann hefur töku fæðingarorlofs og fellur sá réttur niður þann mánuð sem hann kemur til baka úr fæðingarorlofi.

8. Launaseðill, félagsgjöld og iðgjaldagreiðslur

8.1 Launaseðill

8.1.1 Við greiðslu launa til starfsmanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind föst laun það tímabil sem greiðslan tekur til, fjöldi eininga og sundurliðun einstakra launa- og frádráttarliða.

8.2. Innheimta félagsgjalda

8.2.1 Launagreiðandi innheimtir félagsgjöld fyrir stéttarfélag, sé þess óskað. Skal það afhenda lista eða gögn um þá sem gjaldskyldir eru, með þeim upplýsingum sem nauðsyn krefur. Félagsgjöld skulu innheimt mánaðarlega og skilað til félagsins fyrir 20. sama mánaðar. Innheimtu má þó haga með öðrum hætti en hér er ákveðið ef um það er samkomulag.

8.3 Orlofssjóður

8.3.1 Launagreiðandi greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð BHM. Gjald þetta skal nema 0,25% af heildarlaunum presta. Gjaldið skal greiða mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.

Um orlof fer að öðru leyti samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987.

8.4 Sjúkrasjóður

8.4.1 Launagreiðandi greiðir 1% af heildarlaunum í sjúkrasjóð BHM.

8.5 Starfsmenntunarsjóður o.fl.

8.5.1 Launagreiðandi greiðir 0,22% af heildarlaunum í Starfsmenntunarsjóð BHM, 0,7% af heildarlaunum til Starfsþróunarsetur BHM og 1,5% af heildarlaunum í Vísindasjóð P.Í.

8.6 Námsleyfi

Prestar, sem gegna störfum hjá Þjóðkirkjunni, eiga rétt á námsleyfi, sbr. gildandi reglum um námsleyfi presta.

8.7 Lífeyrissjóður

8.7.1 Prestur greiðir 4% af launum í lífeyrissjóð og launagreiðandi greiðir 11,5% mótframlag.

Um skiptingu gjaldsins í samtryggingarsjóð og séreignarsjóð fer samkvæmt lögum um lífeyrissjóði og eftir atvikum samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.

8.7.2 Þeir prestar þjóðkirkjunnar sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu meðan þeir gegna störfum hjá Þjóðkirkjunni.

8.7.3 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

Í þeim tilvikum sem prestur leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir launagreiðandi 2% framlag á móti.

9. Gildistími og samningsforsendur

9.1 Gildistími

9.1.1 Kjarasamningur þessi gildir frá 1. maí 2024 til 31. mars 2028. Um endurnýjun og uppsögn samningsins fer skv. lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

9.2 Samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á almennum/opinberum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra, svo sem vegna framleiðniauka, verðlagshækkana o.s.frv. skulu aðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningi þessum. Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

9.2.1 Verði launahækkanir í kjarasamningum BHM við ríkið fyrir tímabilið 2024-2028 hærri en umsamdar hækkanir í samningi þessum skal leiðrétta laun til samræmis við árlega hækkun launa í samningum BHM frá gildistíma samninga BHM félaganna.

9.3 Atkvæðagreiðsla

Samningur þessi tekur gildi sé hann samþykktur í atkvæðagreiðslu Prestafélags Íslands sem ljúka skal eigi síðar en 11. júní 2024. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu fyrir lok þess dags skoðast samningurinn samþykktur.

Bókun

Vegna ákvæða í 2. kafla þessa kjarasamnings um gegnsæi og fyrirsjáanleika í vinnutíma presta leggja samningsaðilar áherslu á að vandað sé til áætlunargerðar með skýrum verkferlum, þjálli og miðlægri tölvuvinnslu og ljósri ábyrgð. Stjórn Þjóðkirkjunnar tryggi að þjónustumiðstöð hennar þrói lausn fyrir það verkefni að skrá og halda utanum starfs- og vinnudagaáætlanir, frítíma og vaktafyrirkomulag. Samningsaðilar telja áriðandi að komið verði á laggirnar stýrihópi sem hefði fyrsta árið að minnsta kosti umsjón með innleiðingu nýs vinnutímakerfis. Verkefni hans væri meðal annars að undirbúa og fylgjast með innleiðingu, veita ráðgjöf og efna til

fræðslu og námskeiða til þess að tryggja almenna þátttöku og virkni um allt land, eins og lagt er til í Skýrslu starfshóps um vinnutíma og bakvaktir frá febrúar 2024.

Reykjavík, 31. maí 2024

F.h. Þjóðkirkjunnar

Andri Snær Magnason

Anna M. Karlsdóttir

Simi Þór Þórhallsson

f.h. Prestafélags Íslands

Þorgerður Dögg

Jon Ólafur Gunnarsson